

27. júní 1984

457

Nr. 314

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvörugeymslur
með síðari breytingum.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Geymsluhafa ber að greiða ríkissjóði gjald fyrir vinnu og eftirlit tollgæslumanna í tollvörugeymslum öðrum en almennum tollvörugeymslum, sbr. II. kafla, en um þær skulu gilda sömu reglur og um vinnu og toleftirlit í almennum vörugeymslum farmflytjenda.

Gjald skv. 1. mgr. skal miða við tímakaup tollgæslumanns eins og það er á hverjum tíma að viðbættum launatengdum gjöldum. Gjaldið reiknast fyrir hverja byrjaða klukkustund.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir frá og með 1. júní 1984.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

25. júní 1984

Nr. 315

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á Hjalteyrargötu á kaflanum milli Skipatanga og Naustatanga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 25. júní 1984.

Elías I. Eliásson.

B 59